

sem og setu í nefndum og stjórnnum sem hann er tilnefndur í af hálfu lífeyrissjóðsins, þótt þóknanir fyrir þau störf séu ekki greiddar af lífeyrissjóðnum sjálfum.

Í skýringum skal veita upplýsingar um þóknun til endurskoðanda/endurskoðunarfélags, sem annast ytri endurskoðun lífeyrissjóðsins, sundurliðað í þóknun fyrir endurskoðun annars vegar og fyrir aðra þjónustu hins vegar.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 40. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við gerð ársreiknings fyrir árið 2004.

Fjármálaeftirlitinu, 22. desember 2004.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

SKIPULAGSSKRÁ

um Minningarsjóð Guðrúnar Marteinsdóttur.

Guðrún Marteinsdóttir, fædd 15. janúar 1952, dáin 24. nóvember 1994, var lektor og síðar dósent við námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Hún var formaður stjórnar námsbrautar í hjúkrunarfræði auk þess að gegna margvíslegum nefndar- og trúnaðarstörfum fyrir námsbrautina. Skólasystur, starfsfélagar í námsbraut í hjúkrunarfræði og aðrir hjúkrunarfræðingar sem átt höfðu samstarf við hana stofnuðu minningarsjóð Guðrúnar Marteinsdóttur, dósent, í desember 1994 í þakklætis- og virðingarskyni við hana fyrir brautryðjendastörf í þágu hjúkrunarmenntunar á Íslandi.

Sjóðnum var sett skipulagsskrá við stofnun hans og kemur þessi skipulagsskrá í stað hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn er í umsjá styrktarsjóða Háskóla Íslands.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 598.000. Miðast höfuðstóll hans við þá upphæð. Grunnvísitala er neysluvísitala janúar 2005. Höfuðstól skal uppreikna árlega með neysluvísitölu janúar-mánaðar. Ekki má skerða höfuðstólinn. Úthlutun úr sjóðnum skal miðast við fyrri hluta árs, annað hvert ár.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er tvíþættur. Annars vegar að veita nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum viðurkenningu fyrir góðan námsárangur á sviði heilsugæslu og hins vegar að styrkja börn hinnar látnu. Miða skal við þessa tilhögun á styrkveitingu úr sjóðnum fram að 25 ára aldri barna hennar, Héðinn til og með árinu 2006 og Maren til og með árinu 2011. Eftir þann tíma verður tilgangur sjóðsins einnig að styrkja hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Stjórn hans skipa:

1. Deildarforseti hjúkrunarfræðideildar við Háskóla Íslands.
2. Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
3. Fulltrúi fjölskyldu Guðrúnar Marteinsdóttur, á meðan sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja börn hinnar látnu, en síðar fulltrúi heilsugæsluhjúkrunarfræðinga sem skipaður er af stjórn fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Sjóðsstjórnin skal annast úthlutun úr sjóðnum og setja um það starfsreglur. Hún heldur gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað er varðar hag sjóðsins og starf.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðsstjórn árlega leggja endurskoðaða árs-reikninga til kynningar á deildarfundi í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

6. gr.

Sjóðinn skal efla með minningargjöfum, minningarkortum og öðrum ráðum er sjóðsstjórn telur heppileg.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari enda sé hún einhuga um breytinguna.

8. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytis
á sameiningu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps,
Leirár- og Melahrepps og Skilmannahrepps í eitt sveitarfélag.**

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 16. desember 2004 staðfest sameiningu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps og Skilmannahrepps, í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið: